
Skráning fornleifa á Sogni í Ölfusi



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Gylfi Helgason

FS1034-25111

Fornleifastofnun Íslands

2025



*Forsíðumynd er af rétt ÁR-514:022, horft til suðurs.
Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3415

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í apríl 2025 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar innan marka 35 ha deiliskipulagsreits á Sogni í Ölfusi. Þar er fangelsi en fyrirhuguð er stækkun og breytingar á húsakosti þess. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu Ölfusi og voru 20 fornleifar þá skráðar innan úttektarsvæðis. Við skráninguna 2025 voru samtals skráðar 26 fornleifar á 23 minjastöðum og alls bættust því sex fornleifar við. Allar töldust minjarnar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: Sogn, Ölfus, fornleifaskráning, Fornleifastofnun Íslands

Summary

In April 2025, the Institute of Archaeology in Iceland surveyed 35 hectares of a detailed development plan area at Sogn in Ölfus. The survey was conducted in conjunction with plans to expand and modify the prison facilities. The Institute had previously conducted a general survey of archaeological sites in the municipality, revealing 20 archaeological sites within the area. In the spring of 2025, a total of 26 archaeological sites across 23 locations were surveyed, adding six new sites to the previous survey. All of the sites were considered at high risk due to the proposed construction.

Keywords: Sogn, Ölfus municipality, archaeological survey, Institute of Archaeology

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	12
4. Fornleifaskrá	14
ÁR-514 Sogn	14
ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörð	
í Ölfushreppi	23
5. Niðurstöður	24
Samantekt	29
Heimildir	30
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	33
Viðauki II: Minjakort	33




Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með fjólubláum punkti. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands

1. Inngangur

Vorið 2025 var unnin fornleifaskráning innan 35 ha deiliskipulagssvæðis á jörðinni Sogni í Ölfusi að beiðni VSB verkfræðistofu. Deiliskipulagið er unnið í tengslum við fyrirætlanir um að fjölga fangarýmum á staðnum og byggingu vinnu- og afþreyingarstöðvar innan svæðis. Gert er ráð fyrir að uppbyggingin fari fram á sex byggingarreitum sem samanlagt eru um 6000 m² (sjá mynd 2). Fyrirhugaðar framkvæmdir verða gerðar í áföngum og ræðst hraði uppbyggingar á þörf og fjármagni.

Áður hafa tvær fornleifaskráningar farið fram á þessum slóðum. Árið 2008 vann



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er alls um 35 ha og afmarkast af blárrí línu á myndinni. Innan þess eru 26 fornleifar og er mesta þéttinn við eldra bæjarstaðið á Sogni og nærri gamla heimatúninu. Skýringarnar eiga við allar myndir sem birtast í skýrslunni.

Fornleifavernd ríkisins¹ skráningu vegna rammaáætlunar og voru þá valdar minjar á Sogni skráðar. Aðalskráning fornleifa fyrir sveitarfélagið Ölfus var svo unnin á árunum 2012-2017.² Í aðalskráningu er aðeins gengið á þekkta staði og þeir skráðir en svæði ekki þaulgengin líkt og gerð er krafa um vegna skipulagstengdra framkvæmdaverkefna. Á þeim tíma voru minjar heldur ekki mældar upp eins og Minjastofnun gerðir nú kröfu um. Alls voru 20 fornleifar þekktar innan deiliskipulagssvæðisins að áður en vettvangsvinna fór fram.

Við skráninguna 2025 var gengið skipulega yfir deiliskipulagssvæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar mældar upp. Samtals voru skráðar 26 fornleifar á 23 minjastöðum innan deiliskipulagsreitsins, alls bættust því sex fornleifar við. Um vettvangsvinnu sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur. Ragnheiður sá ennfremur um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjara nema annað sé tekið fram en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og þar aftan við minjakort.

1 Kristinn Magnússon, 2008.

2 Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2015, 2017 og 2020.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,


h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðanna. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagaðblettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hætta og tímabundin hætta.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-514 Sogn

“Jarðdýrleiki xx og so tíundast fjórum tíundum.” JÁM, 398.

1542: Þann 11. janúar 1542 var kveðinn upp dómur þriggja klerka og þriggja leikmanna um kæru Gissurar biskups Einarssonar í Skálholti á hendur Eyjólf Jónssyni á Hjalla. Sakaði biskup Eyjólf m.a. um að hafa tekið sér fjögur kúgildi úr Sogni. DI X, 698 – 699.

“Landamerki: Skráð eftir minni úr landamerkjabréfi, afriti úr embættisbókum sýslumanns, sem var í eigu foreldra minna, en látið af hendi þegar þau fóru frá Sogni (1935)... Gljúfurá... er markað milli



Mynd 4: Túnakort frá 1920, upprétt ofan á loftmynd. Ekki tókst að rétta kortið með fullnægjandi hætti vegna skekkju. Afstaða og fjarlægðir milli mannvirkja eru ekki alveg réttar á túnakortinu. Þó er auðvelt að átta sig á staðhættum á vettvangi.

Sogns og Gljufurs, austan Sognslands, allt þar til Gljufurholtslands tekur við. Mörkin eru úr steini (merktum) efst við Haukamýragljúfur, þvert vestur í Stórumýri í “stefnu á Varghól” (svo í bréfinu) í hlaðna vörðu (Markavörðu) vestur undir Múla (sjá Reykjatorfu). Nú er girðing á þessum mörkum... Frá áðurnefndri vörðu bein lína um Fögrubrekku (miðja) til norðurs í vörðu, sem er austan á Álút (hana hef ég ekki séð), þaðan í Efumýrarvörðu. Þaðan á sveitarmörkum Grafnings og Ölfus stefna til suðausturs í Sandfell (Gljufur), skammt ofan við Klyftartungur. Þar eru 3 gil og mörkin talin um miðgilið, sem rennur í Gljufurá, svo er það hún og Gljufursáin.” Ö-Sogn, 1.

1920: Heimatún 4.9. Fjárhústún 1.0 ha, alls 5.9 ha, allt slétt. Garðar 1250 m².

ÁR-514:001_1 Sogn bæjarhóll bústaður

A 395621 N 390045

“Bæjarnafninu Sogn hafa ýmsir velt fyrir sér og sett það í samband við norsku merkinguna Sogn (fjörður). Afi minn Ögmundur Ögmundsson bar það ævinlega fram Sodn eða Sotn. Í tilvitnun í



Mynd 5: Bæjarhóll ÁR-514:001_1, horft til VSV.

handrit í Þjóðsögum Jóns Árnasonar III, bls. 48 er sagt að í handriti standi Sodn. Kannske er þarna á ferðinni eldri mynd af nafninu,” segir í örnefnalýsingu. Í skýrslunni Hengill og umhverfi eftir Kristinn Magnússon segir: “Bæjarhóllinn (nr. 767) er um 50 m vestsuðvestan við hús Réttargeðdeildarinnar á Sogni. Þar sjást engar rústir en aðeins vottar fyrir hól í sléttuðu, grasi grónu túni. Hóllinn er um 45m í þvermál. [...] Gamla bæjarstæðið á Sogni hefur verið sléttað. Enn stendur þó eftir áberandi hól sem eflaust geymir leifar bygginga og mannvistarlaga frá þeim tíma er bærinn stóð á þessum stað..” Bær 001_01

er sýndur á túnakorti frá 1920, suðvestarlega í heimatúninu. Hann er um 130 m vestan við núverandi byggingar á Sogni. Bærinn brann 1909 og í kjölfarið var hann fluttur, þó ekki fyrr en eftir 1920. Stafnar eldri bæjarins snéru til suðurs og þaðan víðsýnt yfir Ölfusforir. Kálgarður 001_02 var sunnan við bæinn. Jaðrar hólans eru óskýrir og afmökunin á yfirborði líklega ekki fyllilega rétt sökum sléttunar.

Bæjargilið er fast vestan við hólinn. Svæðið er undir ræktuðu túni en það er hluti af athafasvæði fangelsisins á Sogni. Malarslóði er nú fast austan við vírgirðingu sem liggur yfir vesturhluta hans, meðfram Bæjargilinu.

Sléttað var yfir bæjarhóllinn og þar eru ekki byggingar á yfirborði. Hóllinn er sléttur, grasivaxinn og sést sem hæð í túninu. Hann er 50x30 m að stærð, 0,2-1 m á hæð og snýr austur-vestur. Það glittir í grjóti gegnum gras í norðausturenda hólans, líklega úr bæjarhúsum.

Langvarandi Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sogn, 9; Túnakort 1920; Kristinn Magnússon, 65, 69

ÁR-514:001_2 heimild um kálgarð

A 396610 N 390023

Á túnakorti sést kálgarður fast sunnan við bæ 01, hann er horfinn af yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-514:002 heimild um útihús

A 395739 N 390008

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 130-140 m austan við bæ 001, austast í túninu. Það er horfið, þarna eru núverandi byggingar á Sogni og mikið jarðrask tengt þeim.

Grónir bakgarðar við húsin á Sogni eru hér nú og grasivaxnar flatir eru til suðurs.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-514:006 varða óþekkt

A 395759 N 390263

Varða er 260 m NNA við bæ 001 og rúmum 150 m norðan við vörðu 007. Hún er uppi á móbergshrygg sem liggur að bænum úr norðri, hann kallast Hallurinn. Varðan er í hvarfi frá bænum og tilgangur hennar er óljós.

Varðan er uppi á háum móbergsás, á sléttri klöpp. Allt umhverfis hana er mosi og móberg kemur víða í gegnum svörð.

Varðan er vel hlaðin, úr smáum, grónum móbergssteinum. Víða er tekið að hrynja úr henni. Hún er 0,7 m á hæð og 2,5 m að grunnfleti. Járteinn stendur uppúr vörðunni miðri.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda



Mynd 6: Varða ÁR-514:006, horft til SSA.

ÁR-514:007 varða óþekkt

A 395747 N 390111

Varða er uppi á móbergshrygg, Hallnum, sem liggur til suðurs að bænum. Varðan er rúmum 150 m norðaustan við bæ 001 og um 150 m sunnan við vörðu 006. Hún sést vel frá bænum.

Varðan er uppi á háum móbergsás. Allt umhverfis hana er mosi og móberg kemur víða í gegnum svörð. Fyrir sunnan vörðuna er klettabelti og brekka að bænum.

Varðan er 2,5 m að grunnfleti og 0,6 m á hæð. Hún er hlaðin úr smáu grjóti og ekki er um vandaða hleðslu að ræða, fremur eins og grjóti hafi verið staflað saman. Það er hægt að greina um 10-11 umförf í henni.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda




Mynd 7: Varða ÁR-514:007, horft til austurs.

ÁR-514:012 tóft mylla

A 395521 N 390099

Í skýrslu Kristins Magnússonar, Hengill og umhverfi segir: «[...] lítil kofatóft, um 3,2m x 2,5m að stærð, liggur NV-SA, skeifulaga með op í SA. Líklega er hér um Trippakofann að ræða sem nefndur er í örnefnalýsingunni. Tóftin stendur á smá grasbala í gili sem Trippalækur fellur um. Kofinn stendur alveg við lækinn. Hún er grasi vaxin og lækurinn er farinn að naga svolítið af henni.» Hér er ekki farið rétt með örnefni, Trippalækur er nokkuð suðvestar, sunnan við tóftir 014 og 017. Ekki er um Trippakofa að ræða. Þessi tóft er skammt suðaustan við mót Fosslækjar og Miðtungulækjar. Tóftin er skammt norðan



Mynd 8: Uppmæling af myllu ÁR-514:012.



Mynd 9: Mylla ÁR-514:012, horft til suðvesturs.

við Fjárhústún, rúnum 110 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er fast austan við Bæjarlækinn og smá læna á upptök við norðausturhorn tóftarinnar. Staðsetningin bendir einan helst til myllu, sjá 039.

Gilið er gróið og um 20 m breitt. Svæðið er gróið, mýrlengt og nýtt til beitar.

Árið 2008 var tóftin 3,2 x 2,5 m að stærð, einföld og snéri NNV-SSA. Hún er illgreinileg og veggirnir umfangslitir. Hún líkist einan helst grónum palli, veggir eru 0,3 m á breidd og 0,2 m á hæð.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Kristinn Magnússon, 67

ÁR-514:016 *Stígurinn* heimild um traðir

A 395620 N 389993

“Stígurinn: Vegurinn heim að bænum (heimreiðin) var alltaf nefndur svo í daglegu tali. “Niður Stíg, austur Brú”,” segir í örnefnalýsingu. Traðirnar að bænum eru sýndar á túnakorti frá 1920. Þær lágu til suðurs frá bæ 001, hér erum sama stað og Stíg að ræða.

Núverandi vegur að bænum er á sama stað og heimreiðin lá áður. Slétt tún er til beggja átta og öll ummerki um heimreiðina eru horfin af yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 3; Túnakort 1920

ÁR-514:021 *Borgarkvos* tóft fjárskýli


A 395937 N 390057

“Borgarkvos: Grastunga á milli Djúpagilslækjar og lítills lækjar, sem kom upp við suðurenda Leynis. Þar sem hún er hæst eru leyfar af einhverri byggingu, líklega fjárborg,” segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 100 m norðaustan við tóft 036 og tæpa 320 m austan við bæ 001. Sé tekið mið af yfirferð örnefna í örnefnaskrá er tóftin í svokallaðri Borgarkvos.

Tóftin er í grónum hvammi. Þar eru lækir til austurs og vesturs, mikið gras, mosi og annar gróður. Svæðið er ekki nýtt til beitar.



Mynd 10: Tóft ÁR-514:021, horft til norðurs.



Mynd 11: Uppmæling af tóft ÁR-514:021

Tóftin er 7x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 0,3-0,5 m á hæð og lækka til austurs. Í þeim má sjá 2-3 umför af smáum móbergssteinum. Ekkert rof er í veggjum en hrún er fyrir opinu. Inni í tóftinni, meðfram báðum langhliðum, sér móta fyrir jötum. Tóftin er opin til suðurs.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 5

ÁR-514:022 *Réttarballi* tóft rétt

A 395966 N 389720

“Réttarballi: Móbergsholt. Þar var fjárréttin, sér enn fyrir. Vestan hans er fjárhús nú,” segir í örnefnaskrá. Réttarballi er um 480 m suðaustan við bæ 001 og um 40 m norðaustan við áðurgreint fjárhúsi.

Tóftin er við rætur klettahryggar og efst á grösugum hól. Landið er vel gróið og hallar talsvert til austurs. Þegar því sleppir tekur við smáhæðótt graslendi með mosavöxnum rimum og eru lítil rofaborð sjáanleg hér og þar.



Mynd 12: Uppmæling af rétt ÁR-514:022.



Mynd 13: Rétt ÁR-514:022, horft til suðurs.

Réttin er 18x6 m að stærð og snýr ANA-SVS. Hún er ferhyrnd, einföld og auðveldalega má sjá 3-4 umför af stórgrýti í grjóthleðslum. Að vestan afmarkar 2-3 m hár klettahryggur tóftina og eru dyr á norðausturhorni hennar. Mesta veggjahæð er 0,7 m og eru veggir 1 m breiðir. Austurveggur tóftarinnar er grafinn um 0,5 m inn í hól. Engin greinileg ummerki eru um að réttinni hafi verið skipt upp í smærri hólf því botn hennar er frekar sléttur og grasivaxinn. Tóftin er fremur vel varðveitt, en til austurs má sjá leifar grjóthrúns úr tóftinni, bæði innan hennar og utan, sem tekið er að gróa yfir.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 6

ÁR-514:024 Brúin heimild um leið

A 395865 N 389684

“Brúin: Gamall þjóðvegur, lagður og ofaníborinn, frá melnum suðvestan Réttarbalans [sjá 022] og að Bæjargilinu. Brúin skipti mýrinni í mýrina “fyrir ofan brúna” og “fyrir neðan brúna”,” segir í örnefnaskrá. Brúin var líklega á sama stað og núverandi þjóðvegur. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1909 og var hluti af þjóðvegi ÁR-720:018.

Núverandi þjóðvegur er í framræstri mýri. Gera má ráð fyrir að þarna hafi verið hlaðin brú. Svæðið er nýtt til beitar.

Engin ummekri um Brúnna sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 6; Herforingjaráðskort 37 SA, 1909 1:50000

ÁR-514:028 heimild um brú

A 395813 N 389927

“Vindleysa: Uppsprettilind, kom undan Kinnarhólum, rann til vesturs, þornaði á sumrin í þurrkum. Í henni voru steinar, sennilega leyfar af gömlum flórvegi,” Lindin sést enn en ekki flórvegurinn. Við lindina sjást steinar í deiglendi en þeir eru stakir og á víð og dreif. Þeir eru um 220 m ASA við bæ 001 og 40 m suðaustan við tóft 031.

Deiglendi, á mörkum holta og mýra. Þarna er gras, mosi og svæðið er nýtt til beitar.

Engin ummerki um brúnna sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 3

ÁR-514:029_1 gata leið

A 395945 N 389829

“Gegnum Réttarbalann [022] sér fyrir gamalli götu og sporuðum klöppum og norðvestan hans er gamall flórvegur [028] í mýrinni,” segir í örnefnaskrá. Götur eru um 540 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 50 m SSA við rétt 022. Leiðin hlykkjast N-S eftir miðjum Réttarbala sem er móbergshryggur, óljóst sér móta fyrir henni milli móbergskletta sem eru mosavaxnir.

Göturnar liggja í gegnum þýft og fremur gróið svæði sunnan við Réttarbala. Landið er fremur hallalítið en smáhæðótt. Á þeim slóðum má sjá stór mosagróin björg hér og þar. Réttarbalinn er klettahryggur úr



Mynd 14: Leið ÁR-514:029_1, horft til suðurs.

móbergi og sést vel í framrtæstri mýri. Götur sjást á rúmlega 100 m löngum kafla og liggja eftir miðjum Réttarbala. Þær liggja svo að segja til norður-suður, það mótar fyrir einni rás og ekki útihlokað að leiðin sé klöppuð að hluta nyrst á hryggnum, Sunnan við Réttarbala má auðveldlega sjá 3-4 grasivaxna paldra, sem eru um 0,3 m djúpir og eru saman 2-3 m á breidd. Botn gatnanna er nær algróinn. Óljóst vottar fyrir vegslóðum austan og vestan megin við göturnar og fara þeir þvert í gegnum þær á norðurhluta þeirra.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta,

vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 6



Mynd 15: Brú ÁR-514:029_2, sést vel norðan við Réttarbala. Blá lína er umhverfis brúnnu, horft er til suðvesturs. ©VSB verkfræðistofa.

ÁR-514:029_2 hleðsla brú

A 395922 N 389892

Hlaðin brú sést í mýri norðvestan við Réttarbala. Brúin er samgöngubót á leið 029_1, líkt og brú 028 sem var nær bænum. Brúin er um 330 m ASA við bæ 001 og 120 m norðan við rétt 022.

Gróin, framræst mýri milli Réttarbala til suðurs og Kinnarhóls til norðvesturs.

Brúin er 55 m löng og um 2 m á breidd. Hún er sigin, um 0,2 m og sést illa á vettvangi. Hún er algróin og enn má sjá paldra á henni eftir lausagönguhross. Brúin ligur til norðurs frá Réttarbala og fjarar út skammt sunnan við vélgrafinn skurð. Hún sveigði þó líklega til vesturs sé tekið mið af heimildum.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-514:030 Gamli-Garður heimild um heygarð

A 395629 N 390055

“Gamli-Garður: Hóll norður af bænum. Sást vel fyrir heystæðum (beðum). Þar var heygarðurinn fram yfir aldamót að afi byggði heyllöðu í bæjarröðinni,” segir í örnefnalýsingu. Gamli-Garður var skammt norðan við bæ 001 en ekki er vitað hvort að hann var á bæjarhólnum sjálfum þó það sé líklegt. Hnit var tekið 10 m fyrir norðan bæ 001, þar mótaði fyrir hól í túninu 2017. Þessi hól er horfinn 2025.

Slétt, grasivaxið tún í halla til suðurs. Malarvegur er skammt norðar og liggur til austurs að húsum á Sogni,

Engin ummerki um Gamla-Garð sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Sogn, 3

ÁR-514:031 *Sauðhúsflöt* tóft fjárhús

A 395776 N 389959

“Sauðhúsflöt: Tunga austan lindarinnar og að mýri, þar var sauðahús,” segir í örnefnalýsingu. Tóft fjárhússins er tæpum 180 suðaustan við bæ 001 og 40 m vestan við leið 028. Hún er í brekku sem hallar til suðurs og rof er umhverfis hana. Hún var skammt austan við heimatúnið.

Tóftin er á mörkum mýrlendis til suðurs og holts til norðurs. Fyrir sunnan hana er melur og rof í jarðvegi. Tóftin er ekki áberandi í landslaginu og sést ekki fyrr en komið er að henni.



Mynd 16: Uppmæling af tórft ÁR-514:031.



Mynd 17: Tóft ÁR-514:031, horft til norðausturs.

Tóftin er 7x m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Hún er í halla til suðvesturs og sígur niður brekku. Austurveggur er raskaður og hluti hans er farinn niður brekkuna. Tóftin er algróin, veggirnir eru 0,3-1,2 m á hæð og hér og þar glittir í grjót. Veggirnir eru hestir að innan. Tóftin er opin til SSV. Nurðurhluti tóftarinnar er grafinn inn í brekkuna og hún er að “falla saman” undar þunga enda sígur landið undar hallanum og er deiglent á þessu svæði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 3

ÁR-514:032 *Miðmorgunsvaða* heimild um eyktamark

A 395845 N 3990011

“Miðmorgunsvaða: Stóð á miðri Kinninni í austur frá bænum,” segir í örnefnaskrá. Miðmorgunsvaða er horfin en var um 230 m austan við bæ 001, uppi á móbergshrygg sem þar er. Ekki er vitað af hverju vaðan er horfin.

Svokölluð Kinn er 10 m hár og brattur móbergshryggur sem skarar til suðurs úr Sognum. Hryggurinn hækkar til norðurs. Mosi og móberg er áberandi á svæðinu.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 3

ÁR-514:033 *Blómtún* þjóðsaga

A 395821 N 389997

“Blómtún: Smábrekka með fjölgresi, suðvestan í Kinninni. Þjóðsögu heyrði ég um að eitt sinn var þessi brekka slegin, líklega



Mynd 18: Blómtún ÁR-514:033, horft til suðausturs.

fyrir orð húsfreyjunnar. Þá dreymdi hana að kom til hennar kona sem mælti af nokkurri reiði: “Illa gjörðir þú að láta slá túnið mitt, nú er ég heyllaus fyrir mínar þrjár kýr.” Húsfreyja bauð henni að taka hey úr garði sínum ágirndarlaust eftir þörfum, svo að ekki kom sök. Þær eru ekki þurftarfrekar álfakýrnar ef þessi brekka fóðraði 3 kýr, þó að hún hafi kannske verið stærri þá en hún var í mínu minni,” segir í örnefnaskrá. Blómatún er 70 m austan við útihús 002 og 200 m austan við bæ 001. Þetta er gróin brekka í halla niður svokallaða Kinn.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sogn, 3

ÁR-514:036 tóft óþekkt

A 395845 N 390018



Mynd 19: Horft til norðurs yfir tóft ÁR-514:036.

Tóft er uppi á norðurhluta Kinnar, um 230 m austan við bæ og 10 m norðan við Miðmorgunsvörðu 032. Kinn er gróinn móbergshryggur sem skagar til suðurs úr Sognum. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var gerð, hún er utan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1920.

Svokölluð Kinn er 10 m hár og brattur móbergshryggur sem skarar til suðurs úr Sognum. Hryggurinn hækkar til norðurs. Mosi og móberg er áberandi á svæðinu.

Tóftin er norðarlega, uppi á Kinn og sést ekki fyrr en komið er að henni. Hún er afar ógreinileg og sést nánast ekki. Tóftin er 4x3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Umfang veggjanna er lítið, þar mótast fyrir einfaldri móbergshleðslu í þeim. Þeir eru 0,1-0,2 m á hæð. Tóftin er opin til SSA. Stakstæður steinn er við suðausturhorn

tóftarinnar. Vegna umfangs tóftarinnar er líklegt að þetta sé verk barna eða annarra til dægrastyttingar.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-514:037 hleðsla kálgarður

A 395786 N 389987




Mynd 20: Horft til norðurs yfir kálgarð ÁR-514:037.

Hlaðið gerði er fast austan við heimatúnið, á milli þess og Sauðahúss 031. Austurhluti þess er enn varðveittur norðan við tóft 032 og 160 m austan við bæ 001. Þetta eru að öllum líkindum ummerki um kálgarð. Kálgarðurinn liggur að læk til vesturs, mögulega afmarkaði hann þá hlið mannvirkisins. Hann er fast austan við heimatúnið líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1920.

Kálgarðurinn er á mörkum mýrlendis til

suðurs og Blómatúns 033 til norðurs. Til austurs er Kinn og mýrlendi til vesturs. Allt þetta svæði er gróið en töluvert jarðrask er til vesturs, m.a. vélgráfnir skurðir.

Kálgarðurinn er 23x14 m að stærð en vesturhliðin er horfin. Ekki er vitað hversu stór hann var upphaflega. Kálgarðurinn er U-laga og snýr NNA-SSV. Hann er í aflíðandi brekku til suðurs. Veggirnir eru 0,2-1 m á hæð og 0,2-1 m á breidd. Þeir sjást sem kantur á köflum til norðurs. Veggirnir eru algrónir, lágir og hvergi glittir í grjóti.



Mynd 21: Uppmæling af kálgarði ÁR-514:037.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar
Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-514:038 heimild um vatnsból A 395707 N 389997
“Austurtún. [...] Austast í því var lind, sem rann undan halla landsins, úr henni var leitt neytluvatn 1926,” segir í örnefnalýsingu. Lindin var tæpum 110 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 50 m suðvestan við útihús 002.

Vélgrafinn skurður liggur til austurs, að öllum líkindum frá lindinni. Hún sést ekki á yfirborði. Allt umhverfis eru ræktuð tún.

Engin ummerki um lindina sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar
Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Sogn, 3

ÁR-514:039 heimild um myllu A 395563 N 389971
Í Sunnlenskum byggðum III stendur: «Mylla var í bæjarlæk.» «Bæjarlækur [...] Í honum er nú fiskeldi en áður var mylla við lækinn,» segir í skrá sem Ágúst Dalkvist tók saman um örnefni í Sogni. Ágúst staðsetur mylluna um 80 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 160 m austan við Litla-helli 010 en þar er ekkert mannvirki að sjá. Tóft 012 er nokkuð norðar, við Bæjarlæk og líklega er hún umrædd mylla. Þessi staðsetning fær þó að njóta vafans og höfð með.

Myllan var í gili Bæjarlækjarins en öll ummerki hennar eru horfin hafi hún verið hér. Fyrir vestan hana er vélgrafinn skurður í Hellismýri, hann liggur að Bæjarlæknum á þeim stað sem myllan var.

Engin ummerki um mylluna sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar
Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ágúst Dalkvist, 9; SB III, 365

ÁR-514:053 garðlag vörslugarður A 395546 N 390117
Í skrá Ágústar Dalkvist um örnefni á Sogni segir: «Miðtunga: Svæðið á milli Miðtungulækjar og Miðtungugils. Þar var áður ræktað tún en er nú í órækt.» Garðlag sést liggja þvert yfir syðsta hluta Miðtungu, milli Miðtungulækjar til vesturs og Miðtungugilslækjar til austurs um 100 m norðaustan við bæ 001. Líklega er þetta undirhleðsla undir girðingu en fær að njóta vafans og talin til fornleifa.

Miðtunga er í aflíðandi halla til suðurs milli lækjanna og er gróin. Hún er komin í órækt og hlutar svæðisins eru deiglendir. Bæði gilin eru fremur víð en þó eru bakkar niður af Miðtungu til allra átta, 1-2 m á hæð og sumir brattari en aðrir. Túnið í Miðtungu hefur ekki verið slegið lengi.

Garðurinn er 22x1 m að lengd og snýr norðaustur-suðvestur, Hann er algróinn, þýfður og fjarar út til beggja enda, áður en kemur að lækjargiljunum. Hann er 0,2-0,3 m á hæð og sést fremur vel þegar að honum er komið.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar
Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ágúst Dalkvist, 8




Mynd 22: Horft til suðvesturs eftir garðlagi ÁR-514:053.

ÁR-514:054 gerði kálgarður A 395555 N 390209
Lítill kálgarður er um 160 m norðan við bæ 001 og tæpum 100 m ANA við hesthús 004. Hann er nyrst í Miðtungu, sunnanundir brattri brekku. Trjálundur, svokallaður Galdralundur, er tæpum 30 m VNV í brekkunni. Ekki er vitað hversu forn þessi kálgarður er, hann nýtur vafans og talinn til fornleifa.

Brekkan upp af kálgarðinum, til norðurs, er brött og hluti af fjallshlíðinni. Hún er gróinn en stutt niður á mel og grjót.



Mynd 23: Kálgarður ÁR-514:054, horft til austurs.



Mynd 24: Uppmæling af kálgarði ÁR-514:054.

Kálgarðurinn er 7,5x6,2 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestur- og suðurhlíð eru hlaðnar en til norðurs og austurs er búið að stinga niður í brekkuna og kantur ræður afmörkuninni. Flatara svæði er sunnan kálgarðsins og þar eru hlaðnir veggir, kanturinn er í brekkunni. Hann er 1 m á hæð en veggirnir lægri, 0,3-0,4 m á hæð, 1 m á breidd og algrónir.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-514:055_1 garðlag túngarður



Mynd 25: Túngarður ÁR-514:055_1, horft til austurs.

A 395702 N 390074

Norðan við heimatúnið á Sogni eru tveir túngarðar, 005_01 og 055_02. Hvorugur er sýndur á túnakorti frá 1920 en þá er túnið líklega afmarkað með gaddavír á svipuðum stað og túngarður 02.

Gróið, þýft tún í halla til suðurs niður frá Hallinum, brattri brekku ofan við núverandi húsakost. Ofan túnsins er brekkan grýtt, víða melur og stakir steinar. Til suðurs er þýft tún en jarðvegi hefur verið mokað burtu við húsin og mikið jarðrask þar.

Túngarður 01 er sunnarlega í brekku, um 17 m norðan við núverandi húsakost. Hann er tæplega 50 m að lengd, 1,5-1,8 m á breidd og hlykkjast ANA-VSV þvert á

brekkuna. Til norðurs, utan túnsins er hann 0,3 m á hæð en innan þess er hann mun hærri, allt að 1,5 m. Hann er algróinn en fjarar út til beggja átta. Hér er þessi túngarður talin eldri miðað við staðsetningu og ástand hans.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-514:055_2 garðlag túngarður

A 395713 N 390079

Túngarður 02 er 11 m norðan við túngarð 02, á svipuðum stað og afmörkun túnsins er á túnakortinu. Ljóst er að hluti, þ.e. norðan við túngarð 01, er umfangsmeiri en aðrir hlutar þessa garðs. Líklega er hann eldri en tengslin við túngarð 01 eru þó ekki ljós. Túngarður 02 afmarkar alla norðurhlíð heimahaga jarðarinnar, allt frá Miðtungugili til vesturs að Réttarbala til suðausturs. Þar sveigir hún til austurs að Gljúfurholtsá. Líklega er girðingin gerð í áföngum í gegnum tíðina en erfitt er að aðskilja þá hluta. Alls má rekja túngaðinn, eða undirhleðslu, á um 800 m löngum kafla. Að austan, frá Gljúfurholtsá að Miðborgunsvörðu 032 er þetta vírgirðing og hér og þar má sjá garð undir vírgirðingunni sem er fallin að mestu. Henni hefur við viðhaldið og rafmangsgirðing er hér að mestu. Norðan við núverandi húsakost

og allt að Miðtungugili má sjá hlaðinn garð og er girðing enn ofan á honum norðan við núverandi húsakost á 70 m löngum kafla. Sá hluti er líka umfangsmeiri eða eldri og ljóst að girðingin hefur raskað honum eitthvað. Þessi hluti er 25x2,5 m að stærð, og snýr austur-vestur. Til vestur liggur hann niður brekkuna og virðist breyta um stefnu til suðvesturs áður en hann fjarar út. Að norðan hverfur hann undir girðinguna. Til norðusturs frá þessum hluta er hann fremur umfangslítill, 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hluti er þó hlaðinn úr móbergi vestan við Miðtungugili. Alls var hægt eða rekja garðinn á 340 m löngum kafla.



Mynd 26: Túngarður ÁR-514:055_2, horft til VSV.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Ölfushreppi

ÁR-720:018 gata leið

A 395592 N 389885

“Múlakvos: Krókurinn þar sem múlinn kemur að fjallinu, mót austri. Þar skiptust götur, önnur lá yfir múlann en hin [sjá 517:033] niður með honum austanverðum,” segir í örnefnaskrá Reykjatorfunnar. Í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 segir: „Sú leið liggur meðfram nýlegum reiðstíg undir Mið-Múla og Eystri-Múla en hverfur undir reiðstíginn þegar kemur nær Sogni.” Leiðin er sýnd á herforingjaráðskoti frá 1908. Þar liggur hún til vesturs frá Hvammi ÁR-512, sunnan við heimatún Gljúfurs ÁR-513 og Sogns ÁR-514 að Reykjum ÁR-517. Í landi Reykja liggur leiðin milli fjallshlíðar til norðurs og bithaga til suðurs. Þar er malaborinn reiðstígur sem fyrr segir en götuna má víða sjá sunnan hans. Leiðin er einnig varðveitt neðan við vesturhlíðar Ingólfsfjalls.

Gróinn mói með lækjum og mýrardrögum er til vesturs en brött brekka til norðurs.

Gatan liggur meðfram fjallshlíðinni, allt að Sogni. Þar liggur hún í grónum túnum og á láglendi. Í landi Reykja sést gatan sem fyrr segir sunnan við reiðstíginn og er viðhaldið með lausagöngu hrossa. Þar má sjá 1-2 paldra, uppi á múlanum og vestan hans. Mól og mold er í botni þeirra. Leiðin er auðrakin á loftmynd. Hún er horfin í landi Sogns.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Reykjatorfa, 5; Kristinn Magnússon, 62; Hkort 37 1:50000

5. Niðurstöður

Vorið 2025 skráði Fornleifastofnun Íslands 35 ha deiliskipulagsreit í landi Sogns í Ölfusi. Innan marka skipulagsins voru skráðar 26 fornleifar á 23 minjastöðum, flestar innan og nærri heimatúni jarðarinnar.



Mynd 27: Horft yfir norðvesturhluta úttektarsvæðisins. Bæjarstæðið er í hvammi og brattar brekkur upp af honum til allra átta nema suðurs. ©VSB verkfræðistofa.

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar á tilteknu svæði í tengsl við menningar- og búsetulandslag er nauðsynlegt að horfa á minjarnar í stærra samhengi. Sú mynd sem fæst af sögu svæðisins með því að kanna fornar heimildir er ófullkomin, en gefur okkur þó mikilvægan grunn og innsýn inn í sögu og nýtingu svæðisins. Séu upplýsingar um minjar á víðara svæði tiltækar nýtast þær vel til að rýna í menningarlandslag og sögu svæðis og byggir samantektin hér á eftir á svæðisskráningu og aðalskráningu svæðisins.³

Óhætt er að fullyrða að í fáum sveitum á Íslandi eru jafnmikil landgæði á litlu svæði eins og í Ölfusi. Færa má rök fyrir því að byggð í Ölfusi hafi hafist umhverfis Ölfusforir, lífæð sveitarinnar. Bæirnir sem þar eru mynda sveig umhverfis Forirnar, engjasvæði sveitarinnar, og samanstanda af nokkrum hverfum og þyrpingum. Byggðin er þéttust vestan til, svo þétt raunar að nær er að tala um þorp en staka bæi, enda er talað um Bæjarþorp, Hjallahverfi, Reykjatorfu o.s.frv.. Þó erfitt sé að fullyrða um það án rannsókna er eðlilegast að álíta að byggð hafi þegar verið orðin þétt í þessum hverfum á landnámsöld – frekar en að jarðir hafi

3 Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson 1999; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2015, 2017 og 2020.

smátt og smátt skipst upp á seinni öldum.⁴ Fyrir utan votlendisbrúnina standa flestir bæir í Ölfusi við fjallsrætur með jöfnu millibili og má ætla að þær jarðir séu byggðar heldur seinna en hverfin kringum Forinrar, en þó hefur það tæplega munað miklu. Byggð í Ölfusi virðist snemma verða nokkuð stöðug ef marka má upplýsingar úr máldögum og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Heimildir um býli og hjáleigur í Ölfusi koma flestar úr Jarðabókinni en staðsetning margra af smærri býlum á svæðinu er nú týnd. Ekki er ljóst hverju það sætir en jarðrask hefur án efa sitt að segja í þeim efnum. Talsvert tíð eigendaskipti hafa einnig orðið á mörgum jörðum á svæðinu sem hefur valdið því að nokkurt þekkingarrof er á stórum svæðum í Ölfusi, bæði tengt örnefnum, nýtingu svæða og minjum.

Sogn í Ölfusi er nokkuð stór jörð en taldist þó meðaltalsjörð að dýrleika og var metin á 20 ha.⁵ Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum í dómsmáli frá árinu 1542⁶ en ekki er vitað hvort að jörðin byggist fyrst úr landi annarrar jarða, mögulega Reykja eða Hvamms, en það er ekki útilokað. Töluvert fjalllendi tilheyrir Sogni með litlum, grónum dölum og grasbrekkum sem eru þó víða að blása upp. Syðst á jörðinni eru mýrar sem voru farartálmar fyrr á öldum en er nú búið að ræsa fram að mestu. Bærinn er í litlum hvammi umvafinn bröttum brekkum á þrjár hliðar og er þar mjög skjólsælt. Föst ábúð lagðist af á Sogni 1949 en jörðin var nytjuð frá Gljúfurholti allt þar til að Náttúrulækningafélag Íslands keypti jörðina 1970. Síðan þá hefur hún að mestu verið nýtt fyrir hrossabeit þótt SÁÁ hafi hafið rekstur meðferðarheimilis þar 1978. Árið 1992 var stofnuð réttargeðdeild á Sogni og vorið 2012 var hún gerð að opnu fangelsi.⁷

minj_id	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Varanlegt hættumat	Tímabundið hættumat
3415_1	ÁR-514:001_1	Sogn	hóll	híbýli	ekki sést til fornleifar	hætta	mikil hætta
3415_2	ÁR-514:001_2		heimild	matjurtagarður	ekki sést til fornleifar	hætta	mikil hætta
3415_3	ÁR-514:002		heimild	útihús	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
3415_4	ÁR-514:006		varða	óþekkt	hleðslur standa grónar	engin hætta	mikil hætta
3415_5	ÁR-514:007		varða	óþekkt	hleðslur signar	hætta	mikil hætta
3415_6	ÁR-514:012		tóft	mylla	ekki sést til fornleifar	hætta	mikil hætta
3415_7	ÁR-514:016	Stígurinn	heimild	traðir	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
3415_8	ÁR-514:021	Borgarkvos	tóft	fjárskýli	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
3415_9	ÁR-514:022	Réttarbali	tóft	rétt	ekki sést til fornleifar	engin hætta	mikil hætta

4 sbr. Orri Vésteinsson 1998.

5 JÁM II, 398.

6 DI X, 698 – 699.

7 Ágúst Dalkvist, 2; Sunnlenskar byggðir, 365.


3415_10	ÁR-514:024	Brúin	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	hætta	mikil hætta
3415_11	ÁR-514:028		heimild	brú	sést til	engin hætta	mikil hætta
3415_12	ÁR-514:029_1		gata	leið	hleðslur signar	hætta	mikil hætta
3415_13	ÁR-514:029_2		hleðsla	brú	ekki sést til fornleifar	hætta	mikil hætta
3415_14	ÁR-514:030	Gamli-Garður	heimild	heygarður	hleðslur signar	hætta	mikil hætta
3415_15	ÁR-514:031	Sauðhúsflöt	tóft	fjárhús	ekki sést til fornleifar	engin hætta	mikil hætta
3415_16	ÁR-514:032	Miðmorgunsvarða	heimild	eyktamark	sést til	hætta	mikil hætta
3415_17	ÁR-514:033	Blómtún	þjóð-saga	huldufólk	hleðslur útflattar	engin hætta	mikil hætta
3415_18	ÁR-514:036		tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	mikil hætta
3415_19	ÁR-514:037		hleðsla	matjurtagarður	ekki sést til fornleifar	hætta	mikil hætta
3415_20	ÁR-514:038		heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar	hætta	mikil hætta
3415_21	ÁR-514:039		heimild	mylla	hleðslur signar	hætta	mikil hætta
3415_22	ÁR-514:053		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar	engin hætta	mikil hætta
3415_23	ÁR-514:054		hleðsla	matjurtagarður	hleðslur signar	hætta	mikil hætta
3415_24	ÁR-514:055_1		garðlag	túngarður	hleðslur signar	hætta	mikil hætta
3415_25	ÁR-514:055_2		garðlag	túngarður	ekki sést til fornleifar	hætta	mikil hætta
3415_26	ÁR-720:018		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	engin hætta	mikil hætta

Tafla 1: Skráðar fornleifar innan skráningarsvæðis.

Deiliskipulagsreiturinn sem var til úttektar vorið 2025 náði m.a. yfir s.k. Heimatún⁸ og svæði sem áður töldust til heimahaga og engja jarðarinnar. Almennt gildir sú meginregla um dreifingu minjastaða að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum þar sem búið hefur verið alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar á bæjarstæðum og í heimatúnum; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að næstum ekkert lifi eftir af þeim mannvirkjum sem voru sýnilegar heima við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði og er það raunin á Sogni. Yfirborðsummerki um tæp 40% fornleifanna innan skráningarsvæðisins eru horfin af yfirborði og er það í góðu samræmi við

8 Heimatúnið á Sogni var tvö aðskilin tún, Heimatún sem var stærra og Fjárhústún sem var mun minna.

önnur svæði í Ölfusi.⁹ Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hver líkleg orsök fyrir því væri. Í flestum tilvikum höfðu minjar horfið í túnasléttun. Rúm 63% fornleifanna sem skráðar voru tengjast landbúnaði en 27% samgöngum.



Skífurit 1: Ástand skráðra fornleifa innan skráningarsvæðis.

Hér á eftir verður fjallað um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektaarsvæðis. Allar tilheyra þær jörðinni Sogni en auki var skráð ein leið sem nær yfir meira en eina jörð (undir númerinu ÁR-720). Við úttektina voru fornleifar eingöngu skráðar ef þær eða helgunarsvæði þeirra var innan deiliskipulagsmarka. Línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir voru því eingöngu raktar að hluta, innan áhrifasvæðis.

Heimatúnið á Sogni skiptist í tvo hluta, Fjárhústún og Heimatún. Bæjargil skildi túnin að samkvæmt túnakorti frá 1920. Eystra túnið, Heimatúnið, er mun stærra og er allt innan deiliskipulagsreits. **Bæjarhóll ÁR-514:001_01** og **kálgarður ÁR-514:001_02** eru vestarlega innan Heimatúnsins. **Gamli-Garður ÁR-514:030** var norðan við bæinn en þar var hey geymt og mótaði fyrir beðum á yfirborði.¹⁰ Búið er að slétta yfir allar þessar fornleifar en þó mótar enn fyrir bæjarhólnum á yfirborði. Bærinn á Sogni brann árið 1909¹¹ og var síðar fluttur um 80 m til austurs þar sem húsakosturinn er nú. Ekki er vitað hvenær flutningarnir áttu sér stað, bærinn er enn á bæjarhólnum árið 1920 sé tekið mið af túnakortinu og líklega byggður aftur upp þar eftir brunann. Töluvert þekkingarrof er í sögu jarðarinnar og alls ekki útilokað búið hafi verið á bæjarhólnum allt fram til um 1950 þegar jörðin í eyði. Núverandi hús er ekki byggt fyrr en árið 1973.

Útihús ÁR-514:002 var 130-140 m austan við bæ 001 en öll ummerki þess eru horfin

⁹ Sjá t.d. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020: 133.

¹⁰ Ö-Sogn, 3.

¹¹ Pechüle, C.F.: 65.

undir íbúðarhús sem þar var reist fyrir 20-30 árum. Samkvæmt túnakorti frá 1920 virðist vírgirðing hafa afmarkað heimatúnið og engin túngarður sýndur. Norðan við núverandi húsakost fundust leifar af tveimur túngörðum sem báðir virðast fremur fornir. **Túngarður ÁR-514:055_01** er sunnar og snýr ASA-VNV, þvert á Hallinn, brekkuna sem þar er. Hann fjarar út til beggja átta og framhaldið óljóst. Mikið jarðrask er um 13 m sunnar en þar hefur hluti túnsins verið grafinn í burtu við húsin og er mögulegt að framhald garðsins hafi verið skemmt við þær framkvæmdir. **Túngarður ÁR-514:055_02** er 8 m norðan við túngarð 01 og liggur líka þvert yfir Hallinn, svolítið ofar í brekkunni. Hann sveigir örlítið til VSV en óvíst hvort að hann sameinaðist túngarði 01. Hann hverfur til austurs við tröppur yfir girðingu og er mikið raskaður vegna yngri hleðslu undir vírgirðingu sem er norðan við túnið. Þessi undirhleðsla sést vel á um 800 m löngum kafla í gegnum allt land Sogns en er líklega ekki forn. Hún var engu að síður rakin til norðurs, innan úttektarsvæðis og er á svipuðum stað og afmörkun heimatúnsins á túnakortinu. **Stígurinn ÁR-514:016** eru traðir sem lágu að bænum að sunnan. Núverandi vegur er á sama stað og öll ummerki traðanna eru horfin.

Á milli heimatúnanna, vestan við bæinn eru þrjár fornleifar í og nærri Bæjargili. **Tóft ÁR-514:012** er í sjálfu Bæjargilinu, fast austan við Bæjarlækinn. Hún er umfangslítill og að öllum líkindum leifar myllu. Heimild um **myllu ÁR-514:039** (í útgefnu handriti Ágústar Dalkvist) bendir þó á staðsetningu nokkuð sunnar en þar sjást engin mannvirki. Líklegt er heimildin eigi í raun við **tóft ÁR-514:012** en ekki er hægt að staðfesta það. **Vörslugarður ÁR-514:053** liggur þvert yfir suðurenda Miðtungu. Hann er að líkindum ungur og hugsanlega aðeins undirhleðsla undir vírgirðingu. **Kálgarður ÁR-514:054** er nyrst í Miðtungu, nokkuð ofar í brekkunni. Hann er stunginn inn í brekku til norðurs en sést enn vel. Uppi á Hallnum, bröttum hrygg ofan við núverandi hús á Sogni, eru tvær **vörður ÁR-514:006** og **ÁR-514:007** sem standa enn vel. Hlutverk þeirra beggja er óþekkt.

Sunnan og austan við Heimatúnið eru nokkrar fornleifar. **Lind ÁR-514:038** var fast sunnan við það en sést ekki lengur eftir að vatn var leitt þaðan 1926. **Kálgarður ÁR-514:037** er skammt austar og austan við lækjardrag sem búið er að grafa fram að hluta. Vesturhlutinn er mikið skemmdur vegna þeirrar framkvæmdar sem og deiglendis sem þar er. Brekkan norðaustan við kálgarðinn kallast **Blómatún ÁR-514:033** og var talin tún huldufólks. **Miðmorgunsvaða ÁR-514:032** var þar austar, uppi á Kinnarhólum, en er horfin þótt ekki sé en ekki er ljóst af hverju. Skammt norðar er mjög óljóst **tóft ÁR-514:036**. Hlutverk hennar er óþekkt en ekki ólíklegt að hún hafi verið hlaðin til dægrastyttingar.

Þrjár fornleifar voru skráðar utan túns sem tengjast nýtingu heimahaga jarðarinnar. **Sauðahús ÁR-514:031** er skammt austan við Heimatúnið og sést enn. Tóftin sígur þó undan þunga brekkunnar og sést illa fyrr en að henni er komið. Í Borgarkvos, austan við Kinnarhóla, er annað **fjárhús ÁR-514:21** sem líklega var fjárborg í grunninn. Þessi tóft er vel varðveitt og inn á milli steina í veggjum hafa verið settir myndarammar og aðrir smáhlutir af ýmsum sem þarna hafa dvalið. **Rétt ÁR-514:022** er sunnarlega í Réttarbala. Réttin er fallega hlaðin undir móbergsklettum sem afmarka hluta hennar og er vel varðveitt.

Sunnan við bæinn voru samgönguminjar áberandi og ljóst að talsverðar vegbætur þurfti til að gera mýrina sem þar er færa umferð. **Þjóðleið ÁR-720:018** lá þvert í gegnum jörðina. Á henni var hlaðin brú, **Brúin ÁR-514:024** en líklega voru bæði brú og þjóðleiðin á sama stað og núverandi þjóðvegur og eru engin ummerki þeirra varðveitt. **Götur ÁR-514:029_1** og **hlaðin torf brú ÁR-514:029_2**, lágu að bænum, til norðurs í gegnum Réttarbala. Göturnar sjást enn í gegnum holtið og yngri götur/bíslóði austan þess. Torfbrúin sést í mýrinni norðan við Réttarbala en er illgreinileg á yfirborði. Leiðin fór einnig yfir **brú ÁR-514:028**, sunnan við Kinnarhóla en engin ummerki sjást þar á yfirborði um leiðina né brúnna sem þar var.

Samantekt

Samanlagt voru 26 fornleifar á 23 minjastöðum skráðar innan úttektarreits. Gert var sérstakt mat á þeirri hættu sem að þeim steðjaði vegna framkvæmdanna, svokallað tímabundið hættumat og töldust þær allar í stórhættu vegna þeirra. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Í meirihluta tilfella var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum. Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kafli 4).

Þrátt fyrir að minjarnar séu taldar í tímabundinni hættu vegna framkvæmdanna er aðeins ein þeirra innan byggingareits og verður þannig fyrir beinum áhrifum. Það er útihús 002 sem er innan skipulagsreits A4. Yfirborðsummerki um útihúsið eru raunar þegar horfin vegna eldri byggingarframkvæmda og óljóst hvort nokkurra ummerkja er að vænta undir sverði. Það telst því fremur ólíklegt að Minjastofnun muni fara fram á mótvægisáðgerðir vegna þessa. Leiðir ÁR-514:016, ÁR-514:024 og ÁR-720:018 eru komnar undir núverandi veg að Sogni og horfnar af yfirborði. Ólíklegt er að Minjastofnun krefjist mótvægisáðgerða vegna þeirra. Helgunarsvæði minja er 15 m. Þetta ber að hafa í huga, sér í lagi er mikilvægt að helgunarsvæði bæjarhóls 001_01 og Gamla-garðs 030 sem bæði eru í jaðri byggingarreits A1 séu skoðuð vandlega. Mikil sléttun hefur aflagað bæjarhólinn og má því búast við að minjar leynist undir sverði þar í kring. Líklegt er einnig að frekari mannvistarleifar séu undir yfirborði innan þessa byggingareits enda innan heimatúnsins þar sem minjapéttni er yfirleitt einna mest og er ekki óalgengt að gerð sé krafa um að ákveðið hlutfall heimatúns (t.d. 10%) sé rannsakað með könnunarskurðum eigi framkvæmdir að eiga sér þar stað.

Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reyndist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar í stórhættu megi víkja við slíkar aðstæður.

Heimildir

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða Íslenskt fornbréfasafn. I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Selvogs- og Ölfushreppi. FS084-99012*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla. II bindi*. 1918-1921. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: án útgefanda.

Kristinn Magnússon. 2008. *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning*. Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:9. Fornleifavernd ríkisins: Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1998. „Patterns of Settlement in Iceland: Study in Pre-History.“ *Saga-Book XXV*: 1–29.

Pechüle, C.F. 1909. *Almanak um ár eptir Krists fæðing 1909*. Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags. J.H. Schultz, Kaupmannahöfn.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2015. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla I*. FS536-12021. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II*. FS626-12022. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III*. FS789-12023. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SB III: *Sunnlenskar byggðir III*. 1983. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Óutgefnar Heimildir:

Ágúst Dalkvist. 2012. *Sogn í Ölfusi*. Óutgefið handrit í eigu Fangelsismálastofnunar.

Herforingjaráðskort 47: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>

Túnakort Sogns. Túnakort Ölfus frá 1917-1920. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er: <https://testbirting.mannatal.is/>

Ö-Reykjatorfan. Reykjatorfan. Þórður Ö. Jóhannsson skráði, 1968-1971. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Sogn: Örnefni í Sogni. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1967.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

minj_id	Samtala	X	Y
3415_1	514001_1	395620	390045
3415_2	514001_2	395610	390023
3415_3	514002	395739	390008
3415_4	514006	395759	390263
3415_5	514007	395747	390111
3415_6	514012	395521	390099
3415_7	514016	395619	389993
3415_8	514021	395937	390057
3415_9	514022	395966	389720
3415_10	514024	395865	389684
3415_11	514028	395813	389927
3415_12	514029_1	395945	389829
3415_13	514029_2	395923	389892
3415_14	514030	395629	390055
3415_15	514031	395776	389959
3415_16	514032	395845	390011
3415_17	514033	395821	389997
3415_18	514036	395844	390018
3415_19	514037	395786	389987
3415_20	514038	395707	389971
3415_21	514039	395563	389971
3415_22	514053	395546	390117
3415_23	514054	395555	390209
3415_24	514055_1	395702	390074
3415_25	514055_2	395713	390079
3415_26	720018	395592	389885

Viðauki II: Minjakort

